



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1669  
komudagur 19.4.2006

# Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis,  
félagsmálanefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík.

Akureyri 13. apríl 2006


Með bréfi dags. 5. apríl 2006 óskaði félagsmálanefnd eftir umsögn Jafnréttisstofu um þingsályktunartillögu um stöðu hjóna og sambúðarfólks, mál 69. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Starfsfólk Jafnréttisstofu telur aðgerðir til þess að jafna hlut kynjanna á öllum sviðum samfélagsins mikilvægar og nauðsynlegar.

Ekki verður séð að tillaga sú sem hér um ræðir hafi með beinum hætti áhrif á stöðu kynja eða leiði til frekari jöfnunar á möguleikum þeirra eða dragi úr þeim. Tillagan snýr að því að skipuð verði nefnd til að kanna hvort skattalög hafi í för með sér að fólk skilji eða slíti sambúð til málamynda. Slík könnun ein og sér hefur ekki áhrif á stöðu kynja. Nefndin á einnig að kanna hvernig styrkja megi stöðu hjóna og sambúðarfólks hvað þetta atriði varðar. Breytingar á þessu sviði geta haft veruleg áhrif á stöðu kynjanna og stuðlað að jafnrétti eða aukið misrétti. Það er því afskaplega mikilvægt að áhersla verði lögð á að nefndin hafi jafnréttislög í huga við smíði tillagna sinna.

Starfsfólk Jafnréttisstofu telur tillöguna sem slíka ekki jafnréttismál en skattabreytingar eru það hins vegar tvímælaust. Jafnréttisstofa mælir því hvorki með né gegn samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllst,

  
Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri